



## Efni: Upplýsingar vegna kórónaveiru COVID-19

Gripið hefur verið til margvíslegra varúðarráðstafana til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar COVID-19. Eitt af því er að ítreka mikilvægi þrifa á öllum stöðum sem sveitarfélagið ber ábyrgð á.

Nauðsynlegt er að yfirfara vel almenn þrif og bæta úr eftir þörfum. Þrif eiga að vera samkvæmt venjulegu þrifaplani á hverri starfsstöð. Þar sem hættustig er í landinu þarf auk þess að huga vel að reglubundnum sértækum þrifum í sameiginlegum rýmum t.d. í fundarherbergjum, kaffistofum og lyftum.

Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum. Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðarhúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, greiðsluposum og ljósarofum.
- Sleppa handaböndum og faðmlögum og heilsa fremur með brosi.

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott. Einnig er mælt með að öll ílát með gjafavöru, sælgæti og mat verði fjarlægð þar sem smit getur borist manna á milli með þeim.

Við hvetjum ykkur til að prenta meðfylgjandi leiðbeiningar út og hengja upp á viðeigandi staði.

[https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Visindi-og-menntun/Sykingavarnir/Koronuveiran-Novel-\(2019-nCoV\)/novel\\_2019-nCoV\\_dregid\\_ur\\_sykingarhaettu\\_2020\\_plakat.pdf](https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Visindi-og-menntun/Sykingavarnir/Koronuveiran-Novel-(2019-nCoV)/novel_2019-nCoV_dregid_ur_sykingarhaettu_2020_plakat.pdf)

Á vef embætti landlæknis er að finna ítarlegar upplýsingar <https://www.landlaeknir.is/>.